

Óvissuskilmálar (bókanir, afbókanir, greiðslur ofl.)

STAÐFESTINGARGJALD / ENDANLEG GREIÐSLA KOSTNAÐAR

Viðskiptavinur greiðir staðfestingargjald sem nemur 20% af áætluðu verði ferðar/viðburðar við bókun (miðað við þann fjölda þátttakenda sem bókað er fyrir), eftirstöðvar skulu svo greiðast í síðasta lagi 5 virkum dögum eftir að ferð/viðburður á sér stað. Ferð/viðburður telst ekki bókaður fyrr en staðfestingargjaldið hefur verið greitt. Staðfestingargjaldið er óafturkræft við afbókun af hálfu viðskiptavinar nema afbókunin verði rakin til vanefnda Óvissu gagnvart viðskiptavini eða þeim þjónustuaðilum sem að atburðinum koma eða til mistaka eða rangrar upplýsingagjafar af hálfu fyrirtækisins.

Ath. að sá fjöldi þátttakenda sem staðfestur er 48 klst. fyrir brottför er sá fjöldi þátttakenda sem greiða þarf fyrir.

AFBÓKANIR

- Allar afbókanir og breytingar verða að vera gerðar skriflega að hálfu beggja samningsaðila, þ.e. með tölvupósti, bréfi eða faxi.
- Afbókanir einstakra þátttakenda sem gerðar eru 7 virkum dögum eða lengur fyrir viðburðinn dragast að fullu frá heildarverði viðburðar. Afbókanir eða fækkun þátttakenda í viðburði 3-6 dögum fyrir ferð endurgreiðast að hálfu (50%). Afbókanir eða fækkun þátttakenda 48 klst eða skemur fyrir ferð/viðburð endurgreiðast ekki.
- Ef viðburður er afbókaður af viðskiptavini, minna en 7 virkum dögum fyrir viðburð, án þess að það verði rakið til vanefnda, mistaka eða rangrar upplýsingagjafar af hálfu Óvissu, skal viðskiptavinur greiða Óvissu þann kostnað sem af viðburðinum hefur hlotist, sé hann umfram þau 20% sem nemur staðfestingargjaldinu.
- Óvissa ber ekki ábyrgð á þeirri þjónustu sem fyrirtækið semur við 3. aðila í þágu viðskiptavinar. Ef slík þjónusta er afbókuð af viðkomandi þjónustuaðila ber Óvissu að rifta samningi við hann og stöðva greiðslur. Ef viðskiptavinur kys í framhaldi að hætta við ferðina/viðburðinn vegna þessa, áskilur Óvissa sér rétt að halda eftir sem nemur 20% af verði ferðarinnar/viðburðarins. Ákvæði þetta fellur úr gildi verði afbókunin rakin til vanefnda, rangrar upplýsingagjafar eða mistaka af hálfu Óvissu.
- Ef ferð/viðburður er afbókaður vegna vanefnda Óvissu varðandi veigamikla þætti í samningi þessum skal fyrirtækið endurgreiða viðskiptavini að fullu það sem greitt hefur verið fyrir atburðinn.

FRESTUN

Sé ferð/viðburði seinkað af viðskiptavini, ber viðskiptavini að greiða allt að 20% umsýslu- og skipulagsgjald (miðað við þann fjölda þátttakenda sem bókað var fyrir) sem og óafturkræfan útlagðan kostnað til 3. aðila sem hlýst vegna frestunar. Hafi viðskiptavinur greitt meira en nemur framansögðu skulu þeir fjármunir renna til greiðslu inn á kostnað viðskiptavinar þegar af ferðinni/viðburðinum getur orðið. Þetta á einnig við ef ferð/viðburði er frestað vegna veðurs eða annarra náttúrulegra orsaka.

ÁBYRGÐ

- Óvissa ábyrgist að samið sé við þá aðila sem semja þarf við til að ferðin/viðburðurinn geti átt sér stað samkvæmt tilboði til viðskiptavinar. Óvissa skal ganga þannig frá málum í samningum við þjónustuaðila og birgja að tryggt sé að greiðsla verði aðeins innt af hendi fyrir veitta þjónustu og afhentar vörur (skv. þeim lokafjölda þátttakenda sem tilkynntur hefur verið af hálfu viðskiptavinar). Óvissa ábyrgist einnig að greiðsla fyrir vörur og þjónustu skili sér til birgja og þjónustuaðila, enda hafi greiðsla borist réttilega frá viðskiptavini.
- Verði frávik frá tilboði eða samningi vegna birgja eða þjónustuaðila skal Óvissa upplýsa viðskiptavin eins fljótt og auðið er og leita samþykkis hans fyrir breytingum sem gerðar kunna að verða á viðburðum vegna þeirra.
- Í ferðum/viðburðum þar sem Óvissa notar þriðja aðila í þjónustu eða vöru, er Óvissa aðeins umboðsaðili viðkomandi aðila. Óvissa ber á engan hátt ábyrgð á hans vöru eða þjónustu eða deilum sem upp kunna að koma vegna viðkomandi þriðja aðila, nema rekja megi missættið til vanefnda eða rangrar upplýsingagjafar af hálfu Óvissu til viðskiptavinar eða umrædds þriðja aðila.
- Óvissa ber ekki ábyrgð á tapi eða skemmdum á persónulegum munum né á meiðslum á gestum sem ekki verða rakin beint til ólögsmætra athafna eða athafnaleysis starfsmanna fyrirtækisins eða þriðja þjónustuaðila.
- Óvissa ber ekki ábyrgð á hvernig veður eða náttúran getur haft áhrif á viðkomandi viðburð, þar með talið frestun eða afbókun.

BREYTING

Verði nauðsynlegt að breyta, endurskipuleggja eða aðlaga ferð/viðburð að breyttum aðstæðum, vegna veðurs, færðar eða óvæntra óskilgreindra breytinga á aðstæðum skal Óvissa gera tillögu að breytingum til viðskiptavinar. Slíkar breytingar á forsendum samningsins eru háðar samþykki viðskiptavinar. Hafi breytingar í för með sér aukinn kostnað skal gerður um það viðaukasamningur.

BÓKANIR OG ÞRIÐJI AÐILI

Öll tilboð miðast við að viðkomandi vara eða aðkeypt þjónusta sé fáanleg hjá þriðja aðila. Allar bókanir eru háðar því að þjónusta sé möguleg hjá þriðja aðila á þeim tímapunkti sem viðskiptavinur óskar eftir. Athugið að aðföng og þjónusta eru ekki pöntuð fyrr en ferð hefur verið bókuð og staðfest af viðskiptavini.